

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir Hverfissjóð Reykjavíkurborgar – Spron sjóðinn.

#### 1. gr.

Nafn sjóðsins er Hverfissjóður Reykjavíkurborgar - Spron sjóðurinn. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

Tilgangur sjóðsins er að gera íbúum Reykjavíkurborgar kleift að hafa frumkvæði að hverfistengdum verkefnum sem stuðla að einhverju af eftirtöldu; fegurri ásýnd borgarhverfa Reykjavíkurborgar; auknu öryggi íbúa og annarra sem leið eiga um borgarhverfin; auðgun mannlífs og auknu samstarfi íbúa, félagasamtaka eða fyrirtækja við borgarstofnanir í hverfum.

#### 2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður í desember 2010 af Spron – sjóðnum ses., kt. 600807-1610.

#### 3. gr.

Við staðfestingu skipulagsskrár þessarar leggur stofnandi fram 20.000.000 krónur, sem er stofnfé sjóðsins.

#### 4. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir og aðrar fjármagnstekjur af stofnfé og eftir atvikum aðrar tekjur eða framlög sem honum kunna að berast.

#### 5. gr.

Stjórn sjóðsins á hverjum tíma er ábyrg fyrir varðveislu og ávöxtun fjármuna hans, en féð skal ávallt varðveitt með sem tryggustum hætti.

#### 6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 einstaklingar. Borgarstjóri skipar fulltrúa í stjórn. Stjórnin skiptir með sér verkum og kýs sér formann og varaformann, en þriðji stjórnarmaðurinn er ritari stjórnar. Stjórn sjóðsins skal skipuð til fjögurra ára og að þeim tíma loknum skal borgarstjóri skipa nýja fulltrúa eða endurskipa sömu fulltrúa í stjórn eftir atvikum.

#### 7. gr.

Styrkveitingar skulu fara fram einu sinni á ári fyrir 1. maí ár hvert. Auglýst skal eftir umsóknnum og skal eingöngu veita styrki til verkefna umsækjenda.

#### 8. gr.

Styrkir eru eingöngu ætlaðir hverfistengdum verkefnum í samræmi við tilgang sjóðsins sem kveðið er á um í 2. mgr. 1. gr.

#### 9. gr.

Hámarksupphæð styrkja skal vera 700.000 kr.

#### 10. gr.

Stjórn sjóðsins skal setja sjóðnum nánari úthlutunarreglur í samræmi við tilgang sjóðsins. Í úthlutunarreglum skulu koma fram reglur um umsóknir og meðferð þeirra, svo og um úthlutun fjármuna úr sjóðnum.

#### 11. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun sjálfseignarstofnunarinnar og til næstu áramóta.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðanda Reykjavíkurborgar og skal endurskoðun lokið eigi síðar en 31. mars ár hvert fyrir næstliðið ár.

12. gr.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari í samræmi við ákvæði laga nr. 19/1988 og tekur hún gildi við staðfestinguna. Eftir það verður skipulagsskrá þessari ekki breytt nema með samhljóða ákvörðun sjóðstjórnar.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 3. júní 2011.*

**Ríkarður Másson.**

*Björn Ingi Óskarsson.*

—————  
B-deild – Útgáfud.: 23. júní 2011